



TILGANGUR LÍFSINS FEBRÚAR 2007

Fyrstu hugmyndir nemenda 20. febrúar:

- Mín skoðun á tilgangi lífsins er örugglega bara að vera hamingjusamur, finna hina einu sönnu ást, og reyna að lifa heilbrigðu og hamingjusömu lífi.
- Tilgangur lífsins er mismunandi eftir því hver manneskjan er. Mér finnst tilgangur lífsins vera að einstaklingurinn nái markmiðum sínum, þroskist og hvað hann vill ná að gera. Við sköpum okkar eigin tilgang, við sköpum örlög okkar og framtíð. Vera sáttur með hvernig lífið manns er. Ekki alltaf vera að leita að einhverju stærra, betra.
- Er einhver tilgangur? Hver og einn hefur sinn tilgang, einhver markmið, hvað maður ætlar að ná að gera í lífinu?
- Njóta þess. Eða ég held að það er ekki neitt svar við þessu.
- Monty Python (bad joke). Enginn tilgangur – lífið er röð tilviljana. Ef maður trúir ekki á guð sem hafi skapað mann og gefið lífinu tilgang þá er ekki hægt að trúa því að lífið hafi neinn tilgang. Random chain of events → Atheism
- Tilgangur lífsins er óákveðið hugtak sem erfitt er að skilgreina sem einhvern einn hlut eða eitt orð. Fyrir mér er tilgangur lífsins ekki neitt eitt heldur mismunandi eftir því á hvaða tímapunkti í lífinu þú ert og hvaða tilgangi þú vilt eða þarft að þjóna, allir hafa tilgang þó að tilgangurinn hljómi lítilvægur eins og að vera systkini eða foreldri en þú ert á móti eru þessir titlar stærsti tilgangur sem þú getur öðlast og erum við öll annað hvort. Þú þjónar líka þeim tilgangi að vera til staðar fyrir þá sem treysta á þig. Það sem kemur fyrir gerist samt af ástæðu þó þú fattir það ekki alltaf.
- að lifa lífinu og fjölga sér.

Samræða í tíma 20. febrúar:

- Spurningin sjálf: kemur hún ekki bara því við höfum ekki fattað af hverju við erum hérna?
- Er tilgangur lífsins fyrirfram gefinn? Ef við trúum ekki á Guð eða annað afl sem hefur skapað okkur og gefið lífinu tilgang – þá er niðurstaðan að lífið er tilgangslaust fyrir þá sem trúa ekki á Guð, en hefur tilgang fyrir þá sem trúa á Guð?
 - verða að vera fyrirfram ákveðin örlög til að lífið geti haft tilgang?
- Markmið og tilgangur:
 - Hver og einn hefur mörg markmið í lífinu, allir hafa mismunandi markmið
 - Höfum við mismunandi tilgang eða hafa allir menn sama tilganginn í lífinu?
 - Við getum náð markmiðum okkar en við náum ekki endilega tilgangi okkar, það er ekki stefnt að honum á sama hátt
 - við setjum okkur markmið sjálf – en getum ekki sett okkur tilgang í sama skilningi
 - Ef ég set mér markmið sem verða tilgangur minn – verður þá svarið við spurningunni um T.L. að „tilgangur lífsins er að lifa lífinu“?
 - Ef ég næ ekki markmiðum mínum í lífinu – var þá lífið tilgangslaust?
- Er munur á spurningunum: „af hverju er ég í skóla?“ og „af hverju er ég á lífi?“
 - já það er munur...
- finnur maður T.L. á dauðastundinni?
 - ef maður getur horft til baka á hamingjuríkt líf?
 - ef maður var hluti af fjölskyldu og vinahópi?
 - ef einhver man eftir manni?
 - ef maður hefur náð markmiðum sínum?

Það pirrar mig mest að það séu engin svör
lífið er tilgangslaust og það er ekkert vandamál

- en við höfum tilgang á hverju augnabliki – stóll þjónar tilgangi, þann að menn geti setið á honum, nemandi þjónar tilgangi

Ef okkur er gefið líf þá getur það ekki verið tilgangslaust

- tilgangurinn getur verið að vera bara lifandi

Er þá svarið bara að tilgangur lífsins sé að lifa lífinu?